



DÓMUR DÓMSTÓLSINS

22. nóvember 2012*

(Tilskipun 94/19/EB – Tilskipun 2000/12/EB – Tilskipun 2006/48/EB – Spurningar tækar til efnismeðferðar – Reglur landsréttar byggðar á EES-rétti sem eiga við í aðstæðum innanlands – Hugtakið innlán– Millibankalán – Gagnkvæm viðurkenning á leyfisveitingu til stofnunar og reksturs lánastofnana – Gildissvið ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar)

Mál E-17/11,

BEIÐNI, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, frá Hæstarétti Íslands, í máli sem þar er rekið

Aresbank SA

gegn

Landsbankanum hf., Fjármálaeftirlitinu og íslenska ríkinu

varðandi túlkun á hugtakinu „innlán“ í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 94/19/EB um innlánatryggingakerfi.

DÓMSTÓLLINN,

skipaður dómurunum Carl Baudenbacher, forseta, Per Christiansen, framsögumannni og Páli Hreinssyni,

dómritari: Skúli Magnússon,

hefur, með tilliti til skriflegra greinargerða frá:

- Stefnanda, Aresbank SA (Aresbank), í fyrirsvari er Bjarki H. Diego, hrl.;
- Stefnda, Landsbankanum hf. (Landsbankinn), í fyrirsvari er Borgar Þór Einarsson, hdl., og Grímur Sigurðarson, hdl.;

* Beiðni um ráðgefandi álit á íslensku.

- Stefndu, Fjármálaeftirlitinu (FME) og íslenska ríkinu, í fyrirsvári er Jóhannes Karl Sveinsson, hrl.;
- Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), í fyrirsvári sem umboðsmenn eru Xavier Lewis, framkvæmdastjóri lögfræði- og framkvæmdasviðs, og Florence Simonetti, aðstoðarframkvæmdastjóri á lögfræði- og framkvæmdasviði;
- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (Framkvæmdastjórnin), í fyrirsvári sem umboðsmenn eru Enrico Traversa, lögfræðilegur ráðgjafi, og Albert Nijenhuis, hjá lagaskrifstofu framkvæmdastjórnarinnar.

með tilliti til skýrslu framsögumanns,

og munnlegs málflutnings umboðsmanns Aresbanka, Baldvins Björns Haraldssonar, umboðsmanna Landsbankans, Borgars Þórs Einarssonar og Gríms Sigurðarsonar, umboðsmanna Fjármálaeftirlitsins, Jóhannesar Karls Sveinssonar, Þóru Margrétar Hjaltested og Arnars Þórs Sæþórssonar, fulltrúa ESA, Xavier Lewis og Florence Simonetti, og fulltrúa Framkvæmdastjórnarinnar, Enrico Traversa og Albert Nijenhuis, sem fram fór 20. júní 2012,

kveðið upp svofelldan

Dóm

I Löggjöf

EES-réttur

Tilskipun 94/19/EB

- 1 Tilskipun ráðsins 94/19/EB um innlánatryggingakerfi (tilskipunin eða tilskipun 94/19) (OJ 1994 L 135, bls. 5) var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/94 frá 28. október 1994 og breytir IX. viðauka EES-samningsins. Ákvörðunin öðlaðist gildi 1. júlí 1995.
- 2 Í 1. gr. tilskipunarinnar segir:

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „innlán“: innstæða sem er tilkomin vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og lánastofnun ber að endurgreiða með skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum, svo og kröfur útgefnar af lánastofnun í formi verðbréfa.

...

Aðildarríkin skulu við útreikning á innstæðu styðjast við þær reglur og forskriftir fyrir skuldajöfnuð og gagnkröfur er felast í skilmálum um innlán samkvæmt lögum eða samningum.

...

4. „lánastofnun“: fyrirtæki með starfsemi er felst í því að taka á móti innlánum frá almenningi eða öðru fé, er skal endurgreiða, og veita lán fyrir eigin reikning.

3 Í 2. gr. tilskipunarinnar segir:

Eftirfarandi telst ekki til innlána sem má endurgreiða í gegnum tryggingakerfi:

- innlán af hálfu annarra lánastofnana í eigin þágu og fyrir eigin reikning, sbr. þó 3. mgr. 8. gr.,

...

4 Í 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar segir:

Aðildarríkin geta ákveðið að vissir innstæðueigendur eða viss innlánsform séu undanskilin tryggingakerfinu eða hin tryggða fjárhæð lægri. Skrá yfir þessi frávík er í I. viðauka.

5 Í I. viðauka tilskipunarinnar segir:

Innlán sem má undanskilja samkvæmt 2. mgr. 7. gr.

1. Innlán frá fjármálastofnunum, sbr. 6. mgr. 1. gr. í tilskipun 89/646/EBE.

...

Tilskipanir 2000/12/EB og 2006/48/EB

6 Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2001 frá 28. febrúar 2001 (OJ 2001 L 117, bls. 13) (ákvörðun 15/2001), var tilskipun 89/646/EB felld úr gildi með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (OJ 2000 L 126, bls. 1) (tilskipun 2000/12). Ekki var kveðið á um nein stjórnskipuleg skilyrði og ákvörðun 15/2001 tók gildi 1. mars. 2001.

7 Tilskipun 2009/12 EB var felld úr gildi innan Evrópubandalagsins með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endursamin) (OJ 2006 L 177, bls. 1) (tilskipun 2006/48). Tilskipun 2006/48 tók gildi tuttugu dögum eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, 30. júní 2006.

8 Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2008 frá 6. júní 2008 (OJ 2008 L 257, bls. 27) (ákvörðun 65/2008) var tilskipun 2000/12 felld úr

gildi með tilskipun 2006/48. Stjórnskipuleg skilyrði voru tilgreind og ákvörðun 65/2008 tók gildi 1. nóvember 2010. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum á heimasíðu EFTA-skrifstofunnar tilkynnti ríkisstjórn Íslands, 17. febrúar 2009, um frestun, með vísan til sex mánaða frestsins sem tiltekinn er í 2. mgr. 103. gr. EES-samningsins.

- 9 Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12 og a-liðs 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/48 er lánastofnun:

fyrirtæki með starfsemi sem felst í að taka á móti innlánnum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu og veita lán fyrir eigin reikning.

- 10 Í 5. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12 og 5. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/48 er „fjármálastofnun” skilgreind svo:

fyrirtæki sem er ekki lánastofnun og starfar einkum að öflun eignarhluta eða stundar einhverja eða alla þá starfsemi sem um getur í 2. til 12. lið I. viðauka.

- 11 Samkvæmt 3. gr. tilskipunar 2000/12 og 5. gr. tilskipunar 2006/48 skulu aðildarríki banna einstaklingum eða fyrirtækjum sem eru ekki lánastofnanir að taka við innlánnum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu. Samkvæmt 4. gr. tilskipunar 2000/12 og 6. gr. tilskipunar 2006/48 skulu aðildarríki krefjast þess af lánastofnunum að þær afli sér leyfis áður en þær hefja starfsemi sína. Samkvæmt 8. gr. tilskipunar 2000/12 og 7. gr. tilskipunar 2006/48, skulu aðildarríki setja það skilyrði að með umsókn um leyfi fylgi lýsing á starfseminni þar sem fram kemur, meðal annars, hvers konar rekstur er fyrirhugaður og hvernig stofnunin verður skipulögð.

- 12 Í 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2000/12 og 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2006/48 segir:

Lögbærum yfirvöldum er því aðeins heimilt að afturkalla leyfi, sem veitt hefur verið lánastofnun, ef slík stofnun:

a) nýtir ekki leyfið innan 12 mánaða, afsalar sér skýlaust leyfinu eða hættir starfsemi í meira en sex mánuði, hafi hlutaðeigandi aðildarríki ekki gert ráð fyrir að leyfi falli úr gildi í slíkum tilvikum;

b) hefur fengið leyfi á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt;

c) uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem leyfisveitingin er háð;

d) á ekki lengur nægilegt eigið fé eða er ekki lengur treystandi til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart lánardrottnum og sérstaklega ef stofnunin tryggir ekki lengur öryggi þess fjár sem henni er treyst fyrir;

e) fellur undir annað ákvæði í landslögum sem kveður á um afturköllun leyfis.

- 13 Bæði I. viðauki tilskipunar 2000/12 og I. viðauki tilskipunar 2006/48 heimila starfsemi lánastofnana, sem háð er gagnkvæmri viðurkenningu. Listarnir eru samhljóða í báðum tilskipunum. Liðir 2 til 12 eiga jafnframt við um fjármálastofnanir.

Landsréttur

Lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta

- 14 Tilskipun 94/19 var innleidd í íslenska löggjöf með lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.
- 15 Í 2. gr. laga nr. 98/1999 segir að sérstök stofnun er nefnist Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta (sjóðurinn) fari með tryggingar samkvæmt lögnum. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og starfar í tveimur sjálfstæðum deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald, innstæðudeild og verðbréfadeild.
- 16 Í 3. gr. laganna er kveðið á um hvaða fyrirtæki skulu eiga aðild að sjóðnum. Samkvæmt greininni skulu viðskiptabankar, sparisjóðir, fyrirtæki í verðbréfabjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti, sem hafa staðfestu á Íslandi, eiga aðild að sjóðnum. Hið sama gildir um útibú þessara aðila á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 17 Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 segir:

Nú er aðildarfyrirtæki að áliti Fjármálaeftirlitsins ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár sem viðskiptavinur hefur kafið aðildarfyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála er gilda. Er þá sjóðnum skylt að greiða viðskiptavini aðildarfyrirtækis andvirði innstæðu úr innstæðudeild og andvirði verðbréfa og reiðufjár í tengslum við viðskipti með verðbréf úr verðbréfadeild. Greiðsluskylda sjóðsins verður einnig virk ef bú aðildarfyrirtækis er tekið til gjaldþrotaskipta í samræmi við lög um viðskiptabanka og sparisjóði og lög um verðbréfavíðskipti.

- 18 Í 3. mgr. 9. gr. laganna segir:

Með innstæðu skv. 1. mgr. er átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum.

- 19 Í 6. mgr. 9. gr. laganna segir:

Undanskilin tryggingu skv. 1. mgr. eru innstæður, verðbréf og reiðufé í eigu aðildarfyrirtækja [sjóðsins]... .

Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

- 20 Með 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sem bætt var við með lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., er Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til að taka yfir vald hluthafafundar fjármálafyrirtækis í því skyni að taka ákvarðanir um nauðsynlegar aðgerðir, meðal annars heimild til að takmarka ákvörðunarvald stjórnar, víkja stjórn frá að hluta til eða í heild sinni, taka yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafa slíku fyrirtæki í heild eða að hluta, meðal annars með samruna þess við annað fyrirtæki. Ákvæðið veitir Fjármálaeftirlitinu einnig heimild til að ráðstafa öllum réttindum eftir því sem nauðsynlegt þykir í slíkum tilvikum.
- 21 Samkvæmt 1. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002, eins og þeim var breytt með lögum nr. 125/2008, skulu kröfur vegna innstæðna samkvæmt lögnum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta teljast til forgangskrafna við slit fjármálafyrirtækja.

II Málavextir og meðferð málsins

- 22 Árið 2008 millifærði Aresbank, spænsk lánastofnun, samtals 30.000.000 evrur og 7.000.000 sterlingspund til Landsbanka Íslands hf. (Landsbankinn). Bönkunum tveimur samdist svo um, að Landsbankinn skyldi endurgreiða þessa fjárhæð með nánar tilgreindum vöxtum á fyrirfram ákveðnum gjalddögum.
- 23 Samið var um umrædd lán í gegnum SWIFT-kerfið. Um fyrsta lánið var samið 6. júní 2008 og skyldi lánstíminn vera frá 10. júní 2008, frá þeim degi sem fjármunirnir voru millifærðir til Landsbankans, til 10. desember 2008. Um annað lánið var samið 7. ágúst 2008 og skyldi lánstíminn vera frá 11. ágúst 2008, frá þeim degi sem fjármunirnir voru millifærðir til Landsbankans, til 12. nóvember 2008. Um þriðja lánið var samið 16. september 2008 og skyldi lánstíminn vera frá 18. september, frá þeim degi sem fjármunirnir voru millifærðir, til 18. mars 2009.
- 24 Samkvæmt beiðninni um ráðgefandi álit voru fjármunir þeir sem Aresbank millifærði til Landsbankans ekki lagðir inn á sérstakan reikning í nafni Aresbank. Landsbankinn gaf ekki út sérstök skilríki til Aresbank fyrir móttöku fjárins og ekki var greitt iðgjald af því í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Fjármunirnir voru færðir sem lán í bókum Landsbankans.
- 25 Í máli því sem rekið er fyrir landsdómstólnum krefst Aresbank endurgreiðslu á lánum þeim sem samið var um 6. júní og 7. ágúst 2008.

- 26 Í september og október 2008 áttu sér stað miklar hræringar á alþjóðafjármálamörkuðum sem höfðu mikil áhrif á starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja. Fór svo að þrír stærstu viðskiptabankar landsins, Landsbankinn, Glitnir banki hf. og Kaupþing banki hf. reyndust ófærir um að takast á við þann vanda sem steðjaði að þeim.
- 27 Þann 7. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar í Landsbanka Íslands hf., samkvæmt heimild í 100. gr. a. laga nr. 161/2002. Jafnframt var stjórn bankans vikið frá og honum skipuð skilanefnd. Stofnaður var nýr banki á grunni þess fallna: Nýi Landsbanki Íslands hf. Nafni þess banka var síðar breytt í Landsbankinn hf. og hann er stefndi í máli því sem rekið er fyrir landsdómstólnum. Fjárhagslegur grundvöllur nýja bankans var einkum lagður með flutningi eigna til hans úr eldri bankanum, en einnig með fjárveitingu úr ríkissjóði.
- 28 Sama dag tók Fjármálaeftirlitið þá ákvörðun að Nýi Landsbanki Íslands hf. skyldi yfirtaka skuldbindingar „í útibúum Landsbanka Íslands hf. vegna innlána frá fjármálafyrirtækjum, Seðlabanka Íslands og öðrum viðskiptavinum“. Í ákvörðun sinni skilgreindi Fjármálaeftirlitið ekki hvað átt væri við með orðinu „innlán“.
- 29 Með bréfi til Landsbankans 11. nóvember 2008 tilkynnti Fjármálaeftirlitið að stjórn þess hefði tekið til umfjöllunar hvaða áhrif ákvarðanir um ráðstöfun eigna og skulda Landsbankans, Glitnis banka hf. og Kaupþings banka hf. hefðu á tiltekna fjármögnun þessara fyrirtækja, nánar tiltekið þegar um peningamarkaðsinnlán/innlán frá fjármálafyrirtækjum væri að ræða. Samkvæmt bréfinu hafði ýmissa gagna verið aflað frá bönkunum og endurskoðendum þeirra um áhrif þessarar fjármögnunar á starfsemi bankanna. Því næst sagði að á stjórnarfundi Fjármálaeftirlitsins sama dag hefði verið „ákveðið að áréttu að skuldbindingar vegna slíkra lána frá fjármálafyrirtækjum væru ekki fluttar til Nýja Glitnis banka hf., Nýja Landsbanka Íslands hf. [sem varð að Landsbankanum, sem fyrr greinir] og Nýja Kaupþings banka hf. með þeim ákvörðunum sem um ræðir.“ Loks sagði í bréfi Fjármálaeftirlitsins að „almennar innstæður fjármálafyrirtækja á hlaupa- og sparireikningum í kerfum bankanna“ flyttust yfir til nýju bankanna eins og aðrar innstæður.
- 30 Aresbank ritaði Fjármálaeftirlitinu bréf 19. Nóvember 2008, þar sem óskað var eftir rökstuðningi fyrir því að stjórn stofnunarinnar hefði lagt til að peningamarkaðsinnlán skyldu ekki flytjast yfir til nýju bankanna þriggja.
- 31 Í svarbréfi Fjármálaeftirlitsins, dagsettu 21. nóvember 2008, segir að í tilviki peningamarkaðsinnlána hafi verið ákveðið að flokka slíkar yfurfærslur sem innstæður, nema í þeim tilvikum þar sem mótaðili bankans væri fjármálastofnun. Í þeim tilvikum væri litið á slíkar færslur sem lán frá fjármálafyrirtækjum sem skilin voru eftir í gömlu bönkunum. Í bréfinu var gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem ákvörðunin var byggð á og raktir þeir þættir sem taldir voru sérstaklega mikilvægir í því sambandi.

- 32 Aresbanki stefndi í kjölfarið Landsbankanum, Fjármálaeftirlitinu og íslenska ríkinu til endurgreiðslu fjármunanna sem hann hafði millifært árið 2008. Aresbanki byggði aðalkröfu sína á því mati sínu, að peningamarkaðsinnlánin að upphæð 30.000.000 evra sem hann millifærði til Landsbanka Íslands hf. í tveimur hlutum árið 2008 hafi verið færðir, eða hefðu átt að færast, til Landsbankans eftir hrun íslensku bankanna í október 2008. Þar af leiðandi hefðu fjármunirnir, sem Aresbank telur að hafi verið innlán en ekki lán, átt að vera lausir til útborgunar 12. nóvember 2008 og 10. desember 2008.
- 33 Aresbank byggði kröfu sína, að hluta, á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 7. október 2008 um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf., með vísan til 100. gr. a. laga nr. 161/2002, sem kvað á um að Nýi Landsbanki Íslands skyldi yfirtaka skuldbindingar í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Íslandi vegna innlána frá fjármálafyrirtækjum, Seðlabanka Íslands og öðrum viðskiptavinum. Aresbank hélt því fram, að samkvæmt 8.-lið ákvörðunarinnar hafi innlánin verið flutt til Nýja Landsbanka Íslands hf., nú Landsbankinn hf., frá og með kl. 9.00 þann 9. október 2008.
- 34 Í dómi sínum 22. desember 2012 komst Héraðsdómur Reykjavíkur að þeirri niðurstöðu, að millifærslur fjármuna frá Aresbank til Landsbankans yrðu að teljast skammtímamillibankalán, ekki innlán. Þar af leiðandi hafnaði héraðsdómur kröfu Aresbank.
- 35 Aresbank áfrýjaði þeim dómi til Hæstaréttar. Í áfrýjunarstefnu óskaði áfrýjandi eftir því við Hæstarétt að leitað yrði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á hugtakinu „innstæða“ í tilskipuninni. Áfrýjandi dró þá beiðni síðar til baka.
- 36 Hæstiréttur ákvað 15. desember 2011, að eigin frumkvæði, að beina eftirfarandi spurningum til dómstólsins:

1. Geta fjármunir sem bankinn A afhendir bankanum B og B ber að endurgreiða A á fyrirfram umsömdum degi ásamt vöxtum sem sérstaklega hefur verið samið um, talist innstæða í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 94/19/EB um innlánatryggingakerfi, þótt fjármunirnir hafi hjá B ekki verið lagðir inn á sérstakan reikning á nafni A, B hafi ekki gefið út sérstök skilríki til A fyrir móttöku þeirra, ekki hafi verið greitt af fjármununum iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og fjármunirnir ekki færðir sem innstæða í bókum B? Við það er miðað í spurningunni að bankarnir A og B hafi starfsleyfi sem viðskiptabankar hvor í sínu ríkinu á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. Skiptir máli þegar fyrstu spurningunni er svarað hvort heimaríki bankans B hefur nýtt heimild í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/19/EB um innlánatryggingakerfi, sbr. 1. tölulið I. viðauka tilskipunarinnar, til að undanþiggja innstæður fjármálafyrirtækja innstæðutryggingarvernd?

3. Skiptir máli þegar fyrstu spurningunni er svarað, hvort bankinn A, sem hefur leyfi til að starfa sem viðskiptabanki samkvæmt lögum þess samningsaðila þar sem hann starfar, nýtir ekki þá heimild sem hann hefur samkvæmt starfsleyfi sínu til að veita móttöku innlánnum frá almenningi, en fjármagnar starfsemi sína með framlögum frá eiganda sínum og með útgáfu fjármálagerna, og endurlánar síðan það fé á svokölluðum millibankamarkaði?

- 37 Vísað er til skýrslu framsögumanns um frekari lýsingu löggjafar, málsatvika, meðferðar málsins og skriflegra greinargerða sem dómstólnum bárust, sem verða ekki nefnd eða rakin nema að því leyti sem forsendur dómsins krefjast.

III Spurningar tækar til efnismeðferðar

Athugasemdir bornar fram við EFTA-dómstólinn

- 38 Við munnlegan málflutning lýstu Fjármálaeftirlitið og ríkisstjórn Íslands efasemdum sínum um að dómstóllinn hefði lögsögu til að úrskurða um spurningarnar sem beint var til hans. Þau héldu því fram að kjarni hinnar lagalegu deilu, nánar tiltekið stjórnvaldsákvörðun Fjármálaeftirlitsins, hafi ekki byggst á löggjöf um innlánatryggingar, heldur á 100. gr. a. íslenskra laga nr. 161/2002. Það ákvæði tengist ekki EES-rétti. Að mati Fjármálaeftirlitsins og ríkisstjórnar Íslands mun ráðgefandi álit í máli þessu ekki hafa nein áhrif á einsleita beitingu EES-réttar.
- 39 ESA bendir á að málarekstur fyrir landsdómstólnum eigi ekki rætur sínar að rekja til beitingar EES-réttar. Spurningin sem bíði úrlausnar Hæstaréttar snýst um það hvort lán sem Aresbank hafi veitt Landsbankanum séu innlán samkvæmt íslenskum rétti. Hæstiréttur hafi beint spurningunum til dómstólsins vegna þess að almenn skilgreining innláns samkvæmt íslenskum rétti svipi til skilgreiningar tilskipunarinnar. Í þessu samhengi tekur ESA fram að samkvæmt dómvenju sé heimilt að leita eftir ráðgefandi álini í tilvikum þar sem ákvæði landsréttar sé byggt á, eða vísi með einhverjum hætti til EES-réttar eða ESB-réttar.
- 40 Framkvæmdastjórnin heldur því fram að það sé í samræmi við dómvenju, að þegar reglur landsréttar sem einungis eiga við aðstæður innanlands byggjast á sömu lausnum og fram koma í ESB-rétti, í þeim tilgangi að forðast röskun á samkeppni, skuli, til að koma í veg fyrir ólíka túlkun í framtíðinni, gæta samræmis við túlkun reglna eða hugtaka sem fengin eru úr ESB-rétti, óháð þeim aðstæðum sem þau eiga við um.
- 41 Framkvæmdastjórnin telur að þessi rök eigi einnig við um þetta mál, þar sem reglur landsréttar vísi til hugtaks úr EES-/ESB-rétti við stjórn málefna sem falla ekki beinlínis undir EES-/ESB-rétt. Það er EES og Evrópusambandinu í hag að sjá til þess að samræmis sé gætt við túlkun þessara hugtaka.

Álit dómstólsins

- 42 Málið sem rekið er fyrir Hæstarétti Íslands snýst um það hvort lánin sem Aresbank veitti Landsbankanum falli undir ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 8. október 2008 og þar af leiðandi hvort þau hefðu átt að vera hluti af þeim eignum og skuldum sem færðar voru yfir til Landsbankans. Hæstiréttur Íslands leitast í grundvallaratriðum við að ákvarða hvort umrædd lán teljist innlán frá fjármálafyrirtækjum samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og í skilningi laga nr. 98/1999 sem innleiddu tilskipun 94/19.
- 43 Í þessu sambandi verður í fyrsta lagi að hafa í huga að samkvæmt því fyrirkomulagi um samstarf dómstóla sem kveðið er á um í 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, er það landsdómstólsins, sem málið hefur verið lagt fyrir og axla verður ábyrgð á eftirfarandi dómsniðurstöðu, að meta bæði þörfina á ráðgefandi áliti til að hann geti kveðið upp dóm og mikilvægi spurninganna sem hann vísar til EFTA-dómstólsins í ljósi þeirra tilteknu aðstæðna sem uppi eru í hverju máli (mál E-13/11 *Granville Establishment*, óbirtur dómur frá 25. apríl 2012, 18. mgr., og E-18/11 *Irish Bank*, óbirtur dómur frá 28. september 2012, 55. mgr.)
- 44 Af þessu leiðir að almennt verður að ganga út frá því fyrirfram að spurningar landsdómstóls um EES-rétt eigi erindi til dómstólsins. Dómstólnum ber því að kveða upp úrskurð þegar spurningarnar sem beint er til dómstólsins varða túlkun EES-réttar, nema bersýnilegt sé að slík túlkun tengist ekki aðalatriðum málarekstursins eða tilgangi hans, spurning er sett fram sem fræðileg tilgáta, eða ef dómstólinn hefur ekki tök á að kynna sér staðreyndir eða lögskýringargögn, sem nauðsynlegt væri til að geta gefið gagnleg svör við þeim spurningum sem til hans er beint (sjá áður tilvitnað mál *Granville Establishment*, 19. og 20. mgr.).
- 45 Þess ber einnig að geta að þegar reglur landsréttar, sem einungis eiga við um aðstæður innanlands, byggjast á sömu eða svipuðum lausnum og EES-réttur, í þeim tilgangi að forðast röskun á samkeppni, er það EES-samstarfinu í hag að komið sé í veg fyrir ólíka túlkun í framtíðinni. Af þeim sökum verður því að gæta samræmis við túlkun reglna eða hugtaka sem fengin eru úr EES-rétti, óháð þeim aðstæðum sem þau eiga við um. Þar sem lögsaga dómstólsins er einvörðungu bundin við skoðun og túlkun ákvæða EES-réttar er það landsdómstólsins eins að meta að hvaða marki vísað er til EES-réttar í landsrétti (sjá, til samanburðar, mál C-126/10 *Foggia*, óbirtur dómur frá 10. nóvember 2011, 21. og 22. mgr. og tilvitnaðra mála).
- 46 Af framansögðu leiðir að spurningarnar sem Hæstiréttur Íslands hefur beint til dómstólsins, varðandi túlkun á tilskipun 94/19, eru tækar til efnismeðferðar.

IV Spurningarnar sem beint var til dómstólsins

- 47 Inntak fyrstu spurningar landsdómstólsins er í aðalatriðum hvort lán sem ein fjármálastofnun, viðskiptabanki samkvæmt orðalagi landsdómstólsins, veitir annarri geti talist innlán í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 94/19 jafnvel þótt; (i)

fjármunirnir hafi ekki verið færðir sem innstæða í bókum bankans sem lánið fékk; (ii) fjármunirnir hafi ekki verið lagðir inn á sérstakan reikning á nafni bankans sem lánið veitti; (iii) engin sérstök skilríki hafi verið gefin út fyrir móttöku fjármunanna, og (iv) ekki hafi verið greitt af fjármununum iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda.

- 48 Inntak annarrar og þriðju spurningar landsdómstólsins er í aðalatriðum hvort máli skipti hvort lán milli fjármálastofnana teljist innlán; (i) að heimaríki bankans sem lánið fékk hafi nýtt heimild í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/19 til að undanþiggja innstæður fjármálafyrirtækja innstæðutryggingarvernd; og (ii) að bankinn sem lánið veitti nýti ekki þá heimild sem hann hefur samkvæmt starfsleyfi sínu til að veita móttöku innlánum frá almenningi.

Fyrsta spurningin

- 49 Aresbank, ESA og framkvæmdastjórnin leggja til að fyrstu spurningunni verði svarað játandi, nánar tiltekið að millifærslan skuli teljast innlán. Að þeirra mati getur lánastofnun tekið við innláni frá annarri. Framkvæmdastjórnin telur jafnframt, að þótt millifærslan flokkist tæknilega sem innlán í skilningi tilskipunar 94/19, falli slíkt innlán ekki undir innlánatryggingakerfi þeirrar tilskipunar. Að mati framkvæmdastjórnarinnar verður að greina á milli virkrar skilgreiningar hugtaksins í samræmi við tilgang tilskipunar 94/19, annars vegar, og hreinnar tæknilegrar skilgreiningar, hins vegar.
- 50 Landsbankinn, Fjármálaeftirlitið og ríkisstjórn Íslands leggja til að spurningunni skuli svarað neitandi. Að mati Landsbankans uppfyllir millifærslan ekki öll upptalin skilyrði sem kveðið er á um í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 94/19. Fjármálaeftirlitið og ríkisstjórnin halda því fram að umrædd viðskipti geti ekki flokkast sem innlán, úr því að ekki er um millifærslur í hefðbundinni almennri bankastarfsemi að ræða, í skilningi þess ákvæðis.
- 51 Það er ljóst af beiðni Hæstaréttar að bæði Aresbank og Landsbankinn hafi leyfi til að starfa sem lánastofnanir innan EES.
- 52 Tvíþætt markmið tilskipunarinnar er sett fram í fyrsta lið hennar og segir þar að samkvæmt markmiðum EES-samningsins skuli stefnt að samræmdri þróun lánastofnana innan alls EES, með því að fjarlægja allar takmarkanir á staðfesturétti og frelsi til að veita þjónustu og auka um leið festu í bankakerfinu og vernda hag sparifjáreigenda.
- 53 Innláns hugtakið er skilgreint í 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Innlán getur verið (i) innstæða sem er tilkomin vegna fjármuna sem lagðir eru inn á reikning, (ii) innstæða sem er tilkomin vegna millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og lánastofnun ber að endurgreiða með skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum, eða, (iii) kröfur útgefnar af lánastofnun í formi verðbréfa, eða skuld sem staðfest hefur verið með annars konar skilríkjum.

- 54 Af orðalagi 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar leiðir, öndvert staðhæfingu Landsbankans, að tilskipunin kveður ekki á um þrjú nauðsynleg skilyrði sem öll þurfa að vera uppfyllt til að fjármunir teljist innlán. Þvert á móti geta innlán í skilningi tilskipunarinnar tekið á sig þrenns konar mynd.
- 55 Samkvæmt beiðni Hæstaréttar til dómstólsins, voru ekki gefin út sérstök skilríki fyrir móttöku fjárins. Enn fremur, voru hinir millifærðu fjármunir ekki lagðir inn á sérstakan reikning í nafni bankans sem lánið veitti. Fjármunirnir voru þar af leiðandi ekki lagðir inn á reikning. Því verður að meta, hvort fjármunir, eins og þeim sem lýst er í beiðninni, verði taldir innstæða sem sé tilkomin vegna millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi.
- 56 Hugtakið innstæða er ekki skýrt í tilskipuninni. Hins vegar bendir orðalag 1. mgr. 1. gr. hennar til þess að í hugtakinu felist að fjármunum sé veitt móttaka sem lán. Að þessu leyti getur ekki skipt máli hvort fjármunirnir hafi verið færðir sem innlán í bókum bankans sem lánið fékk. Það væri andstætt markmiði tilskipunarinnar ef vernd samkvæmt henni væri komin undir flokkun lánastofnunarinnar sem veitir fjármunum móttöku. Sú túlkun á sér stoð í lögskýringargögnum tilskipunarinnar. Í greinargerð með upprunalegu frumvarpi framkvæmdastjórnarinnar (COM (92) 188 *final*) segir að líta beri á hugtakið innlán í 1. mgr. 1. gr. frá sjónarhorni innstæðueiganda. Innstæðueigandi á innstæðu eða kröfu, en hún birtist sem skuld eða lán í bókhaldi bankans sem tekur við fjármunum.
- 57 Í tilskipuninni er heldur ekki skilgreint hvað átt sé við með millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi. Hins vegar verður að telja að fjáröflun með hefðbundnum skammtímalánum, líkt og þau sem um ræðir í máli þessu, sé bæði tímabundin aðgerð og hefðbundin almenn bankastarfsemi, í venjubundinni merkingu þess hugtaks.
- 58 Spurning Hæstaréttar varðar millibankalán milli lánastofnana. Lánastofnanir eru skilgreindar í 4. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, sem „fyrirtæki með starfsemi er felst í því að taka á móti innlánum frá almenningi eða öðru fé, er skal endurgreiða, og veita lán fyrir eigin reikning“.
- 59 Landsbankinn, Fjármálaeftirlitið og ríkisstjórn Íslands hafa haldið því fram að millibankalán geti ekki talist innlán í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Orðalag tilskipunarinnar bendir hins vegar ekki til þess að sú staðreynd að innstæðueigandi sé lánastofnun hafi nokkur áhrif á það hvort fjármunir skuli teljast innlán í skilningi ákvæðisins.
- 60 Eðli innstæðueiganda kann aftur á móti að hafa áhrif á það hvort innlán uppfylli skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar. Í 2. gr. tilskipunarinnar er kveðið skýrlega á um þá meginreglu að innlán annarra fjármálastofnana í eigin þágu og fyrir eigin reikning séu sjálfkrafa og almennt undanskilin endurgreiðslu úr innlánatryggingakerfum.

- 61 Úr því að tilskipunin undanþiggur sérstaklega lán milli lánastofnana frá meginreglunni um endurgreiðslu vegna innlána, verður að telja að millifærslur eins og þær sem lýst er í fyrstu spurningu landsdómstólsins falli innan skilgreiningarinnar sem sett er fram í 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.
- 62 Loks ber að geta þess, að engin krafa er gerð um að greitt hafi verið iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta af fjármununum til að þeir teljist innlán í skilningi tilskipunarinnar.
- 63 Af öllu framansögðu leiðir að fjármunir sem millifærðir eru frá einni lánastofnun til annarrar í samræmi við lánasamning, líkt og um ræðir í máli því sem rekið er fyrir landsdómstólnum, teljast innlán í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, þrátt fyrir að; (i) fjármunirnir hafi ekki verið færðir sem innlán í bókum lántakanda; (ii) fjármunirnir hafi ekki verið lagðir inn á sérstakan reikning í nafni lánveitanda; (iii) engin sérstök skilríki hafi verið gefin út fyrir móttöku fjármunanna; og (iv) ekki hafi verið greitt af þeim iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.
- 64 Í samræmi við 2. gr. tilskipunarinnar teljast þó fjármunir sem millifærðir eru frá einni lánastofnun til annarrar samkvæmt lánasamningi, líkt og um ræðir í málinu sem rekið er fyrir landsdómstólnum, ekki til innlána sem uppfylla skilyrði tilskipunarinnar fyrir endurgreiðslu, þótt þeir falli tæknilega undir innlánahugtakið, eins og minnst var á í 60. málsgrein hér að framan. Þar af leiðandi má gera greinarmun á virkri skilgreiningu tryggðra innlána samkvæmt tilskipuninni, sem byggir á 1. mgr. 1. gr. að teknu tilliti til 2. gr., og tæknilegri skilgreiningu sem tekur einnig til innlána sem ekki falla undir innlánatryggingakerfi sem kveðið er á um í tilskipuninni og eru því ekki endurgreiðslukræf samkvæmt þeim.
- 65 Eins og tekið er fram í 45. málsgrein hér að framan er það landsdómstólsins að meta að hvaða marki reglur landsréttar vísa til EES-réttar, þegar reglur landsréttar, sem einungis stjórna aðstæðum innanlands, byggjast á sömu eða sambærilegum lausnum og EES-réttur. Samkvæmt því er það landsdómstólsins að taka afstöðu til þess hvort beita beri tæknilegri eða virkri skilgreiningu innlánahugtaksins í sambandi við þær reglur landsréttar sem um ræðir í máli þessu.
- 66 Því verður að svara fyrstu spurningunni með eftirfarandi hætti:
- 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 94/19 verður að skýra með þeim hætti að fjármunir sem lánastofnun afhendir annarri, sem lán er endurgreiða ber á fyrirfram umsömdum degi ásamt vöxtum sem sérstaklega hefur verið samið um, skuli teljast innlán í skilningi ákvæðisins. Þetta á við þótt fjármunirnir hafi ekki verið lagðir inn á sérstakan reikning á nafni lánastofnunarinnar sem lánið veitti og þótt lánastofnunin sem lánið fékk hafi ekki gefið út sérstök skilríki fyrir móttöku þeirra, hafi ekki greitt iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og fjármunirnir hafi ekki verið færðir sem innlán í bókum hennar.

- Fjármunir, sem millifærðir eru með þessum hætti frá einni lánastofnun til annarrar í samræmi við lánasamning, teljast þó ekki til innlána sem njóta tryggingarverndar samkvæmt tilskipun 94/19. Slíkir fjármunir uppfylla því ekki skilyrði tilskipunarinnar fyrir endurgreiðslu. Þar af leiðandi má gera greinarmun á virkri skilgreiningu tryggðra innlána samkvæmt tilskipuninni, sem byggir á 1. mgr. 1. gr. að teknu tilliti til 2. gr., og tæknilegri skilgreiningu, sem tekur einnig til innlána sem ekki falla undir innlánatryggingakerfi samkvæmt tilskipun 94/19 og eru því ekki kræf til endurgreiðslu samkvæmt þeim. Það er landsdómstólsins að ákveða hvort beita skuli tæknilegri eða virkri skilgreiningu innlánaugtaksins samkvæmt reglum landsréttar í máli þessu.

Önnur spurningin

- 67 Með annarri spurningunni spyr Hæstiréttur hvort máli skipti þegar skorið er úr um hvort lán milli tveggja lánastofnana innan EES teljist innlán í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 94/19, hvort heimaríki bankans sem lánið fékk hafi nýtt heimild í 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar til að undanþiggja innstæður fjármálaþyrirtækja innstæðutryggingarvernd?
- 68 Allir aðilar sem skiluðu skriflegum greinargerðum í máli þessu eru sammála um að þessari spurningu skuli svarað neitandi. Þeir hafa byggt svör sín á tilskipun 2006/48. Í meginatriðum telja þeir hvorki stöðu né starfsemi innstæðueiganda hafa áhrif á það hvort millifærsla flokkist sem innlán í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 94/19, en telja þau atriði einungis áhrif á það hvort innlánin njóti tryggingarverndar.
- 69 Til þess að veita landsdómstólnum gagnlegt svar við spurningunni, mun dómstóllinn leggja mat á það hvort tilskipun 2006/48 eigi við í máli þessu.
- 70 Tilskipun 2006/48, sem kom í stað tilskipunar 2000/12, var samþykkt 14. júní 2006 og tók gildi tuttugu dögum eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, 30. júní 2006.
- 71 Tilskipun 2006/48 var tekin upp í EES-samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2008 frá 6. júní 2008. Með þeirri ákvörðun kom tilskipun 2006/48 í stað tilskipunar 2000/12.
- 72 Í ákvörðun sinni benti sameiginlega EES-nefndin á að gerðir hefðu verið fyrirvarar við að stjórnskipuleg skilyrði væru uppfyllt. Sex mánaða tilkynningarfresturinn samkvæmt 103. gr. EES-samningsins rann út 6. desember 2008.
- 73 17. febrúar 2009 tilkynnti ríkisstjórn Íslands um frestun á grundvelli 103. gr. EES-samningsins.
- 74 Síðasta tilkynningin barst 8. september 2010 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar tók gildi 1. nóvember 2010.
- 75 Þar af leiðandi hélt tilskipun 2000/12 gildi sínu innan EES til 6. desember 2008.

- 76 Frá 7. desember 2008 var tilskipun 2006/48 í gildi til bráðabirgða. Tilkynning ríkisstjórnar Íslands um frestun fær engu þar um breytt. Það er ljóst af orðalagi 2. mgr. 103. gr. EES-samningsins að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar skuli gilda til bráðabirgða hafi tilkynningin ekki átt sér stað innan sex mánaða tilkynningarfrestsins. Tilkynningin var skráð 17. febrúar 2009 og barst því nokkru eftir síðasta dag frestsins sem heimilaður er í 103. gr. EES-samningsins.
- 77 Í þessu sambandi bendir dómstóllinn á að tilkynning sem berst að sex mánaða frestinum liðnum, samkvæmt 2. mgr. 103. gr. EES-samningsins, geti ekki haft áhrif á gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar til bráðabirgða. Ef samningsaðila væri heimilt að afturkalla einhliða gildi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar til bráðabirgða, á einhverjum tímapunkti að sex mánaða frestinum liðnum, gengi slíkt þvert á skýrt orðalag 103. gr. EES-samningsins og væri þar af leiðandi andstætt meginreglunni um réttarvissu.
- 78 Í málinu sem til meðferðar er hjá landsdómstólnum var fyrsti samningurinn gerður 6. júní 2008 og síðasta afborgun hefði átt að greiðast 18. mars 2009. Engu að síður, úr því að málið varðar hvort umrædd viðskipti flokkist sem innlán, verður að miða við dagsetningu millifærslu fjármunanna til Landsbankans samkvæmt lánasamningunum.
- 79 Upphafstímar samninganna þriggja, sem málið fyrir landsdómstólnum snýst um, voru 6. júní 2008, 7. ágúst 2008 og 16. september 2008. Fjármunirnir voru í samræmi við samningana millifærðir 10. júní 2008, 11. ágúst 2008 og 18. september 2008. Úr því að fjármunirnir voru millifærðir áður en ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar tók gildi, verður að svara annarri spurningunni með hliðsjón af tilskipun 2000/12.
- 80 Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. og 1.-lið I. viðauka tilskipunar 94/19, mega EES-ríki ákveða að innlán fjármálastofnana, eins og þær eru skilgreindar í 6. mgr. 1. gr. tilskipunar 89/646/EBE – á þeim tíma sem um ræðir var 5. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12 komin í stað hennar – skuli undanskildar tryggingarvernd eða njóta minni verndar.
- 81 Það leiðir af 5. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12 að fjármálastofnun er fyrirtæki sem ekki er lánastofnun. Af málsgögnum má hins vegar ráða að viðskiptin í máli þessu varða lánastofnanir. Það skiptir því ekki máli þegar skorið skal úr um hvort slík millifærsla teljist innlán í skilningi tilskipunar 94/19 hvort heimaríki bankans sem lánið fékk hafi nýtt heimild í 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar til að undanþiggja innstæður fjármálafyrirtækja innstæðutryggingarvernd.
- 82 Annarri spurningunni verður, þar af leiðandi, að svara með þeim hætti að ekki skipti máli þegar skorið er úr um hvort lán milli tveggja lánastofnana innan EES teljist innlán í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 94/19, hvort heimaríki bankans sem lánið fékk hafi nýtt heimild í 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar til að undanþiggja innstæður fjármálafyrirtækja innstæðutryggingarvernd.

Þriðja spurningin

- 83 Í þriðju spurningunni spyr Hæstiréttur, í meginatriðum, hvort sú staðreynd að lánastofnun nýti ekki heimild sem hún hefur samkvæmt starfsleyfi sínu til að veita móttöku innlánnum frá almenningi, en fjármagni starfsemi sína með framlögum frá eiganda sínum og með útgáfu fjármálagerninga, þýði að hún skuli ekki teljast lánastofnun í skilningi 4. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.
- 84 Í þessu sambandi bendir dómstóllinn á að ef Hæstiréttur ákveður að beita virkri skilgreiningu innlánaugtakans, gæti hann þurft að leggja mat á það hvort Aresbank skuli teljast lánastofnun í skilningi 4. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.
- 85 Allir aðilar sem skiluðu skriflegum greinargerðum í máli þessu eru sammála um að spurningunni skuli svarað neitandi. Þeir byggja svör sín á tilskipun 2006/48. Í greinargerðum sínum hafa þeir beitt svipuðum rökstuðningi og varðandi aðra spurninguna. Allir aðilar telja, í meginatriðum, að hvorki staða né starfsemi innstæðueiganda hafi áhrif á það hvort millifærsla fjármuna flokkist sem innlán í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 94/19, en þessi atriði hafi einungis vægi varðandi tryggingarvernd fjármunanna. ESA og framkvæmdastjórnin bæta því við, að fyrirtæki sem hafi heimild til að veita móttöku innlánnum frá almenningi en taki ekki við slíkum innlánnum og veiti einungis öðrum bönkum lán, teljist engu að síður lánastofnun.
- 86 Skilgreiningin á lánastofnun í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 94/19 er samhljóða skilgreiningunni í 1. gr. tilskipunar 2000/12 og 4. gr. tilskipunar 2006/48. Jafnframt er í formálsorðum tilskipunar 94/19 vísað til kerfis sem byggir á allsherjarleyfi fyrir sérhverja lánastofnun og eftirlit með þeim af hálfu yfirvalda í heimaríki þeirra.
- 87 Þessu kerfi um veitingu allsherjarleyfis er viðhaldið í tilskipun 2000/12, sem dómstóllinn hefur þegar kveðið á um (sjá 75. mgr. þessa úrskurðar) að hafi verið hluti af EES-rétti til bráðabirgða í heimaríki Landsbankans á þeim tímapunkti sem fjármunirnir voru millifærðir í samræmi við lánasamningana.
- 88 Í ljósi skýrrar tilvísunar í tilskipun 94/19 til kerfis um veitingu allsherjarleyfis, sem síðan hefur haldist í tilskipun 2000/12, og þeirrar staðreyndar að skilgreiningin á „lánastofnun“ sem finna má í 1. gr. tilskipunar 2000/12 er samhljóða skilgreiningunni í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 94/19, er viðeigandi að síðara ákvæðið sé túlkað með hliðsjón af markmiði og almenns fyrirkomulags tilskipunar 2000/12.
- 89 3. gr. tilskipunar 2000/12 kveður á um að EES-ríki skuli banna einstaklingum eða fyrirtækjum sem eru ekki lánastofnanir að taka við innlánnum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu. Enn fremur skulu EES-ríki krefjast þess af lánastofnunum að þær afli sér leyfis áður en þær hefja starfsemi sína, í samræmi við 4. mgr. tilskipunarinnar.

- 90 Í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2000/12 skulu EES-ríki sjá til þess að stunda megi þá starfsemi sem talin er upp í I. viðauka á yfirráðasvæðum þeirra í samræmi við 1. til 6. mgr. 20. gr., 1. og 2. mgr. 21. gr. og 22. gr., hvort sem um er að ræða stofnun útibús eða þjónustustarfsemi á vegum lánastofnunar sem hefur leyfi frá lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki og er undir eftirliti þeirra í samræmi við þessa tilskipun svo fremi leyfið nái til þessarar starfsemi.
- 91 Nánari útskýringar á þessu er að finna í 5., 6., 7. og 14.-lið formálsorða tilskipunarinnar.
- 92 Samkvæmt 5.-lið formálsorða tilskipunar 2000/12 er með henni stefnt að samræmingu starfsskilyrða lánastofnana og verður hún að taka til þeirra allra svo að unnt verði að vernda sparifé og jafna samkeppnisstöðu. Samkvæmt 6.-lið formálsorðanna þarf samræming þessi að vera eins víðtæk og unnt er og ná til allra stofnana sem stunda þá starfsemi að veita viðtöku fé frá almenningi til endurgreiðslu, hvort heldur um er að ræða innlán eða önnur innlánsform, svo sem með útgáfu markaðsskuldabréfa og annarra sambærilegra verðbréfa og með lánveitingu fyrir eigin reikning.
- 93 Samkvæmt 7.- lið formálsorða tilskipunar 2000/12 er markmið úrræða hennar að ná aðeins fram nauðsynlegri og nægilegri lágmarkssamræmingu til að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á leyfum og varúðareftirlitsfyrirkomulagi, sem gerir það að verkum að nóg er að gefa út eitt leyfi sem er viðurkennt í öllu bandalaginu og beitingu meginreglunnar um varúðareftirlit heimaaðildarríkis. Í 14.-lið segir nánar, að aðferðin sem valin hefur verið geri lánastofnunum, sem leyfi hafa í sínu heimaaðildarríki, kleift, í krafti gagnkvæmrar viðurkenningar, að stunda alls staðar innan EES einhverja eða alla þá starfsemi sem talin er upp í I. viðauka með því að stofna útibú eða veita þjónustu.
- 94 Það leiðir af 3., 4. og 18. gr. tilskipunar 2000/12 að með skilyrðum fyrir leyfisveitingu og varúðareftirliti varðandi stofnun og rekstur lánastofnana er leitast við að tryggja að lánastofnun sem hefur starfsleyfi til að stunda þá starfsemi sem talin er upp í I. viðauka tilskipunar 2000/12 og er undir eftirliti yfirvalda í einu EES-ríki, geti stundað þá starfsemi í öðru EES-ríki, svo framarlega sem starfsleyfið nær til starfseminnar.
- 95 Í samræmi við 1. og 2.- lið I. viðauka lýtur bæði móttaka innlánsfjár og annars fjár til endurgreiðslu og útlánastarfsemi reglum um gagnkvæma viðurkenningu samkvæmt tilskipun 2000/12, að því marki sem starfsleyfið nær til þessarar starfsemi.
- 96 Í málum þar sem lánastofnun nýtir ekki heimild sem hún hefur samkvæmt útgefnu starfsleyfi sínu kveður 14. gr. skýrlega á um að lögbærum yfirvöldum sé heimilt að afturkalla leyfið. Lögbærum yfirvöldum er þó, samkvæmt ákvæðinu, aðeins heimilt að afturkalla leyfið ef slík stofnun nýtir ekki leyfið innan 12 mánaða, afsalar sér skýlaust leyfinu eða hættir starfsemi í meira en sex mánuði, hafi hlutaðeigandi aðildarríki ekki gert ráð fyrir að leyfi falli úr gildi í slíkum tilvikum.

- 97 Ekki er því hægt að skýra 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 94/19 með þeim hætti að hún útiloki að lánastofnun, sem hlotið hefur leyfi frá lögbærum yfirvöldum til að stunda starfsemi eins og að taka við innlánsfé og öðru fé til endurgreiðslu og útlánastarfsemi innan marka tilskipunarinnar, á grundvelli þess eins að umrædd lánastofnun nýti ekki leyfi sitt í raun. Slík túlkun væri andstæð markmiði og almennu fyrirkomulagi tilskipunar 2000/12.
- 98 Það er landsdómstólsins að meta hvort starfsleyfi Aresbank taki til þeirrar starfsemi sem nefnd er í I. viðauka tilskipunar 2000/12. Ef svo er, verður að viðurkenna leyfi Aresbank til að stofna og reka lánastofnun á Íslandi í samræmi við tilskipun 2000/12, nema leyfið hafi verið afturkallað af lögbærum yfirvöldum á þeim tíma sem um ræðir.
- 99 Samkvæmt framansögðu, verður að svara þriðju spurningunni með eftirfarandi hætti:

Þegar lánastofnun sem lánað fé á millibankamarkaði hefur heimild til að veita móttöku innlánnum frá almenningi, skiptir ekki máli varðandi það hvort millibankalán sem sú stofnun veitir annarri lánastofnun flokkist sem innlán í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 94/19, að stofnunin veiti ekki slíkum innlánnum móttöku, en fjármagni starfsemi sína með framlögum frá eiganda sínum og með útgáfu fjármálagerninga, og endurláni síðan það fé á millibankamarkaði, nema leyfi stofnunarinnar til að stofna og reka lánastofnun hafi verið afturkallað af lögbærum yfirvöldum.

V Málskostnaður

- 100 ESA og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, sem skilað hafa greinargerðum til EFTA-dómstólsins skulu hvor bera sinn málskostnað. Þar sem um er að ræða mál sem er hluti af málarekstri fyrir Hæstarétti Íslands kemur það í hlut þess dómstóls að kveða á um kostnað málsaðila.

Með vísan til framangreindra forsenda lætur,

DÓMSTÓLLINN

uppi svohljóðandi ráðgefandi álit um spurningar þær sem Hæstiréttur Íslands beindi til dómstólsins:

- 1. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 94/19/EB um innlánatrygginga-kerfi verður að skýra með þeim hætti að fjármunir sem lánastofnun afhendir annarri, sem lán er endurgreiða ber á fyrirfram umsömdum degi ásamt vöxtum sem sérstaklega hefur verið samið um, skuli teljast innlán í skilningi ákvæðisins. Þetta á við þótt fjármunirnir hafi ekki verið lagðir inn á sérstakan reikning á nafni lánastofnunarinnar sem lánið veitti, og þótt lánastofnunin sem lánið fékk hafi ekki gefið út sérstök skilríki**

fyrir móttöku þeirra, hafi ekki greitt iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og fjármunirnir hafi ekki verið færðir sem innlán í bókum hennar.

Fjármunir, sem millifærðir eru með þessum hætti frá einni lánastofnun til annarrar í samræmi við lánasamning, teljast þó ekki til innlána sem njóta tryggingarverndar samkvæmt tilskipun 94/19. Slíkir fjármunir uppfylla því ekki skilyrði tilskipunarinnar fyrir endurgreiðslu. Þar af leiðandi má gera greinarmun á virkri skilgreiningu tryggðra innlána samkvæmt tilskipun 94/19, sem byggir á 1. mgr. 1. gr., að teknu tilliti til 2. gr., og tæknilegri skilgreiningu, sem tekur einnig til innlána sem ekki falla undir innlánatryggingakerfi samkvæmt tilskipun 94/19 og eru því ekki kræf til endurgreiðslu samkvæmt þeim. Það er landsdómstólsins að ákveða hvort beita skuli tæknilegri eða virkri skilgreiningu innlánahugtaksins samkvæmt reglum landsréttar í máli þessu.

2. Ekki skiptir máli þegar skorið er úr um hvort lán milli tveggja lánastofnana innan EES teljist innlán í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 94/19, hvort heimaríki bankans sem lánið fékk hafi nýtt heimild í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/19 til að undanþiggja innstæður fjármálafyrirtækja innstæðutryggingarvernd.
3. Þegar lánastofnun sem lánar fé á millibankamarkaði hefur heimild til að veita móttöku innlánum frá almenningi, skiptir ekki máli varðandi það hvort millibankalán sem sú stofnun veitir annarri lánastofnun flokkist sem innlán í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 94/19, að stofnunin veiti ekki slíkum innlánum móttöku, en fjármagni starfsemi sína með framlögum frá eiganda sínum og með útgáfu fjármálagerninga, og endurláni síðan það fé á millibankamarkaði, nema leyfi stofnunarinnar til að stofna og reka lánastofnun hafi verið afturkallað af lögbærum yfirvöldum.

Carl Baudenbacher

Per Christiansen

Páll Hreinsson

Kveðið upp í heyranda hljóði í Lúxemborg 22. nóvember 2012.

Gunnar Selvik
Dómritari

Carl Baudenbacher
Forseti